

Starfsáætlun SÍMEY-Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar 2024

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
1. Vottaðar námsleiðir.....	4
2. Verkefnastyrkir	5
3. Náms- og starfsráðgjöf	6
4. Almenn námskeið.....	6
6. Raunfærnimat	7
7. Fjölmennt	9
8. Samstarf við atvinnulífið	9
9. Gæðamál	10
10. Samantekt og framtíðarsýn	12

Inngangur

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er nú á sínu 24. starfsári og þjónustar sem fyrr breiðan hóp viðskiptavina bæði einstaklinga og fyrirtækja á Eyjafjarðarsvæðinu í heild sinni. Þetta er gert með því að bjóða lausnir við hæfi á sviði sí- og endurmenntunar og framhaldsfræðslu. Í starfsáætlun þessari er farið yfir þær áherslur sem eru fyrirsjáanlegar á árinu.

Helstu verkefni SÍMEY

Miðstöðin er sjálfseignarstofnun.

Daglegri starfsemi má í mjög grófum dráttum skipta á eftirfarandi hátt í eftirfarandi svið:

Fræðslusvið

Fyrirtækjasvið

Ráðgjöf og raunfærnimat

Þróunarsvið

Stoðsvið

Námsver við utanverðan Eyjafjörð

Eftirtalin verkefni eru innan ofangreindra sviða:

- Dagleg umsjón með námskeiðum og þjónusta við námskeið sem eru í gangi
- Kynningar á starfsemi og símenntunarframboði SÍMEY
- Miðlun og umsjón með námi og námskeiðum annarra fræðsluaðila
- Skipulagning, hönnun og þróun nýrra námskeiða
- Samskipti og þjónusta við fræðsluaðila
- Náms- og starfsráðgjöf fyrir viðskiptavinum og innan atvinnulífs
- Þarfagreiningar innan fyrirtækja m.a. Fræðslustjóri að láni
- Umsjón með fyrirtækjaskólum/ eftirfylgni fræðsluáætlana
- Raunfærnimat (á mótum námi og einnig viðmiðum atvinnulífsins)
- Fagbréf atvinnulífsins
- Hæfnigreiningar starfa
- Umsjón með námskeiðahaldi Fjölmenntar
- Upplýsingamiðlun í gegnum heimasíðu miðstöðvarinnar og samfélagsmiðla
- Innsláttur og úrvinnsla gagna í nemendabókhalda SÍMEY
- Þróunarvinna/ verkefni sbr. námskráargerð, þróun verkfæra.
- Ýmis sérverkefni

1. Vottaðar námsleiðir

Staðan: Fyrir árið 2024 var SÍMEY um úthlutað 78.000.000 kr. í vottaðar námsleiðir. Almennt séð hefur það fjármagn sem er að koma úr fræðslusjóði að dragast saman eða standa í stað. Nú gætir lítilsháttar aukningar sem rétt svo fylgir verðlagsþróun.

SÍMEY sótti um fjármagn talsvert langt umfram það sem fékkst úthlutað. Há umsóknarupphæð hefur undanfarið ekki endilega haft áhrif til hækkunar á úthlutun en sótt hefur verið um það sem miðstöðin telur þörf á og hefur getu til að framkvæma. Þess vegna var ákveðið að fækka ekki námsleiðum í umsókninni. Með tilkomu INNU fyrir framhaldsfræðsluna er verið að mæla mun nákvæmar námslokum þátttakenda. Fyrir hvern þátttakanda sem fellur úr námi/brottfall skerðist fjármagn úr fræðslusjóði sem nemur 5%. Ljóst er að starf fræðsluaðila í framhaldsfræðslu er mjög kröfuhart og árangursmiðað.

Stefnt er á að fara af stað með eftirtaldar námsleiðir árið 2024:

Námsleið	Fjármagn
<i>Leikskóla- og stuðningsfulltrúabré</i>	3.735.000
<i>Félagsliðagátt</i>	6.015.000
<i>Fræðsla í formi og lit</i>	3.440.500
<i>Málmsuðusmiðja</i>	3.935.000
<i>Sölu- markaðs og rekstrarnám (Samstarf við Fræðslumiðstöð Vestfjarða)</i>	4.375.000
<i>Menntastöðir</i>	6.985.000
<i>Íslenskuþjálfarinn (Online íslenskunám) 8 hópar</i>	9.680.000
<i>Nám fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja</i>	2.280.000
<i>Opin smiðja-Fjölmennt</i>	1.460.000
<i>Stökkpallur- nám fyrir starfsendurhæfingu</i>	1.805.100
<i>Skólasmiðja-Nám fyrir Úkraínska atv.leitendur</i>	2.640.000
Samtals vor	45.060.100
Áætlun haust 2023	35.735.000
Samtals 2024	80.795.100

Námsframboð haustannar liggur ekki fyrir en fjárhags- og verkefnaáætlun gengur út á að bjóða upp á vottað nám sem nemur um 80.000.000 kr. á ársgrunni.

Megináhersla SÍMEY í vottuðu námi hefur verið að mæta markhópnum með aðgengilegum hætti m.a. að stuðla að því að hluti náms sé í fjar- eða dreifnámi þar sem sem það er hægt. Til að mæta þeirri áskorun hefur miðstöðin leitað leiða til að koma náminu í farveg með ólíkum hætti og námsnálgunum. Önnur áhersla er að koma ákveðnum námsleiðum nær markhópnum og þá m.a. í samstarfi við hagaðila eins og Starfsendurhæfingu, og einnig í samstarfi við VMST. Þjónusta við innflytjendur hefur aukist gríðarlega en miðstöðin hefur þó ekki getað boðið upp á lengri námsleiðir vegna líttilla fjárveitinga nema í takmörkuðu mæli.

Tveir verkefnastjórar sjá um vottað nám hjá SÍMEY í samstarfi við aðra verkefnastjóra og náms- og starfsráðgjafa.

2. Verkefnastyrkir

Ekki var úthlutað úr fræðslusjóði vegna þróunarverkefna og hefur það áhrif á umfang þróunarstarfs fyrir 2024, en reiknað er þó með að sótt verði um í þann sjóð á vormánuðum. SÍMEY fékk um 6 MKR úthlutað þróunarstyrk úr Fræðslusjóði á árinu 2022 til tveggja verkefna. Ferðamálanám á breiðum grunni mun ljúka á þessu ári en það hefur þann tilgang að tengja saman raunfærnimat og nám í ferðapjónustu saman. Unnið hefur verið að þessum verkefnum á liðnu ári og þeim lokið á vorönn 2024. SÍMEY hefur komið að ýmsum þróunarverkefnum í samstarfi við atvinnulífið, verkefni sem hafa þann tilgang að efla menntun markhópsins og samkeppnishæfni atvinnulífs og samfélags. Skoða þarf áherslur 2024 í ljósi þarfa og eftir hverju er verið að kalla. Mikilvægt er að þróunarverkefni hafi skýra skírskotun inn í þær þarfir sem eru varðandi framþróun markhópa, samfélags og vinnumarkaðar. Að auki fékk SÍMEY styrk frá Nordplus menntaáætlunni sem nemur um 5 mkr til að tengja saman rafrænt hæfnimat í Íslensku sem annað mál (ÍSA), kennsluáðferðir og evrópska tungumálarammann og hefur verið innið að því verkefni. Þróunarstarf hefur einnig lútið að því að greina og skoða betur þann hóp innflytjenda og einnig ungs fólks sem er ólæst á sínu eigin tungumáli. Slíkur hópur þarf aðrar nálganir. Samstarfsverkefni er við VMA og slíkt verkefni. SÍMEY hefur líka fengið styrk úr Sóknaráætlun-Uppbyggingarsjóði í verkefnið LOFTUM sem hefur þann tilgang að greina þarfir innan sveitarfélaga varðandi fræðslu um loftlagsmál og sjálfbærni. Styrkur hefur fengist fyrir líðandi ár til að framkvæma fræðsluáætlunina og er það komið af stað og er. Þetta verkefni er unnið með Þekkingarneti Þingeyjunga. Umfang er um 3 MKR fyrir 2024.

5 verkefnastjórar og framkvæmdastjóri koma að vinnu við þróunarverkefni.

3. Náms- og starfsráðgjöf

Frá árinu 2006 hefur SÍMEY verið með samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífinu. Sá samningur hefur gert ráð fyrir ákveðnum viðtalafjölda á ári. Gerð er grein fyrir framgangi ráðgjafar á samráðsfundum, skýrslum og í seinni tíð í nemendabókhalddskerfið INNU. Viðtalafjöldi er reiknaður eftir reiknilíkani FA. Náms- og starfsráðgjöf er stór þáttur í starfsemi SÍMEY og veigamikil þegar kemur að því að virkja fólk til þátttöku í þeim fjölmörgu möguleikum sem í boði eru. Samningur við FA vegna 2024 hljóðar upp á 10 MKR, sem er ögn lægri þeirri upphæð sem fékkst árið á undan. Viðauki í samning er um ferðakostnað ráðgjafa um á 0,3 MKR sem verður nýtt í tengslum við utanverðan Eyjafjörð, í dreifðari byggðum. Gera má ráð fyrir að þetta sé ígildi um 650 viðtala á ársgrunni.

Áhersla ársins verður að halda utan um þátttakendur sem eru í námi og ekki síst þá sem eru í fjarnámi þar sem alltaf er ákveðin brottfallshætta. Tengja ráðgjöfina inn í þyngri enda markhópsins eins starfsendurhæfing og einnig að nálgast erlenda hópinn betur, bæði þátttakendur á íslenskunámskeiðum og innflytjendur. M.a. verður boðið upp á starfsleitastofur fyrir erlenda einstaklinga og eru þær fjármagnaðar af viðtalakvótanum sem hópráðgjöf. Það verkefni er unnið í samstarfi við VMST.

Hjá SÍMEY starfar 1 náms- og starfsráðgjafi. 5 aðrir starfsmenn sinna ráðgjöf

4. Almenn námskeið

Sú meginbreyting hefur orðið að þungi almennra námskeiða er unnið í góðu samstarfi stéttarfélaganna, starfsmenntasjóða og við aðrar símenntunarmiðstöðvar. Stéttarfélögin hér á svæðinu eru m.a. Kjölur og Einnig Iðja. Starfsmenntasjóðirnir Landsmennt og Sveitamennt sem og Mannauðssjóður Kjalar hafa stutt dyggilega við sína félagsmenn. Greiða þessir aðilar með beinum hætti fyrir sína félagsmenn, slíkt tryggir þátttöku og er afar hvetjandi.

Aukning hefur verið á liðnum árum í þátttöku í Íslenska sem annað mál og má tengja það því að samfélagið er að verða fjölmenningslegra og einnig hefur flóttafólki fjölgað mikið í Eyjafirði. Umfangið er þó bundið af þeirri úthlutun sem SÍMEY fær úthlutað frá RANNÍS. Úthlutun fyrir 2024 er um 11,5 MKR en framkvæmd SÍMEY á árinu 2023 var sú mesta frá upphafi. 2024 fékkst styrkur fyrir 34 námskeiðum (stig1-4) fyrir um 390 einstaklinga. Vonir

standa einnig til þess að fjármögnun námskeiðanna breytist en nemendagjöld þurfa að til þess að hvert námskeið standi undir sér, framlegð er lítil.

Áhersla hefur verið að sinna hæfnimati í tengslum við bæði íslenskunámskeiðin og einnig atvinnuleitendur og aðstoða þennan hóp að staðsetja sig betur í íslenskufærni. Einnig hefur verið unnið að þróun hæfnimats (sjá þróunarverkefni). Umrætt hæfnimat er orðið el nothæft og hefur þróunarvinna snúið að því að tengja umrætt hæfnimat inn í kennsluáferðir og einnig að kynna það hagsmunaaðilum.

Eins og fram hefur komið áður þá vantar skýrari stefnumótun af hálfu stjórnvalda varðandi íslenska sem annað mál, miðlæga námsskrá og faglega framtíðarsýn, stefnumörkun innan þessa málaflokks. Vonir standa til þess að sú endurskoðun sem í gangi er um framhaldsfræðsluferfið leiði til breytinga hvað þetta varðar.

Til margra ára hefur SÍMEY verið með samning við Dalvíkurbyggð, um námsver á Dalvík. Sveitarfélagið leggur til húsnæði fyrir starfsemina. Aðstaðan á Dalvík hefur verið eins og „móðurstöð“ fyrir starfsemina á Dalvík og líka fyrir t.d. Fjallabyggð. SÍMEY hefur aðstöðu einnig í Menntaskólanum á Tröllaskaga á Ólafsfirði og hjá stéttarfélaginu Einingu lðju í Fjallabyggð fyrir t.d. námskeiðahald og aðra þjónustu t.d.raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf og einnig er aðstaða til próftöku. Meginverkefnin við utanverðan Eyjafjörð hafa verið námskeiðahald í ÍSA, bæði staðbundinn og einnig innan vinnustaða. Verkefnin við utanverðan Eyjafjörð sem eru fyrirhuguð eru af breiðum toga m.a. íslenskukennsla fyrir útlendinga. Gott samstarf hefur verið við lykilaðila innan Dalvíkurbyggðar og atvinnulífs varðandi fyrirtækjaskóla og fræðslu sbr. sveitarfélagið og Sæplast.

Tveir verkefnastjórar halda utan um íslenskunám fyrir útlendinga og einn sér um stök námskeið.

Einn verkefnastjóri sér um að halda utan um starfsemina við utanverðan Eyjafjörð. 5 aðrir verkefnastjórar koma að verkefnum ásamt náms- og starfsráðgjafa.

6. Raunfærnimat

Stjórn Fræðslusjóðs hefur samþykkt úthlutun til SÍMEY upp á um 12.000.000 kr. Í sjö raunfærnimatsverkefni. Þjónustugreinar: Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabrá, Matvælagreinar: Matartækni og matsveinn, fisktækni, sjúkraliðabrá, almenn starfshæfni, iðngreinar og skipstjórn. Á árinu 2023 var framkvæmd í raunfærnimati um 10 MKR og um 60 einstaklingar kláruðu sína þátttöku. Áætlun þessa árs gerir ráð fyrir framkvæmd sem nemur 12,5 MKR og gert er ráð fyrir þátttöku um 65 einstaklinga. Gera má ráð fyrir að heildareiningamat sé um 2.000 framhaldsskólæiningar.

Áhersla verður að stuðla að samstarfi í raunfærnimati á milli svæða á Norðurlandi og Austurlandi. Samstarf var við Farskólann á Norðurlandi vestra á liðnu ári og gekk það mjög vel. Fjölmarginir samstarfsaðilar eru í þessum verkefnum. M.a. Fiskstækniskóli Íslands, IÐAN fræðslusetur, Vinnumálastofnun, Farskólinn á Norðurlandi vestra, Austurbrú, Akureyrarbær og sveitarfélög í Eyjafirði, Verkmenntaskólinn á Akureyri og aðrir.

Á árinu verður stefnt á að tilraunkeyra Fagbréf atvinnulífsins sem er nýtt verkfæri innan framhaldsfræðslunnar og var kynnt af hálfu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á liðnu hausti. Á árinu er gert ráð fyrir að tilraunakeyra verkefni og er aðallega horft til 3ja sviða atvinnulífs en það er ferðaþjónusta, verslun og matvælaiðnaður.

Alls vinna fimm starfsmenn að raunfærnimati hjá SÍMEY. Verkefnastjórar og náms- og starfsráðgjafar.

7. Fjölmennt

SÍMEY var með samning við Fjölmennt til loka ársins 2022. Starfsemi Fjölmenntar hefur verið í ákveðinni endurskoðun bæði innan Fjölmenntar og af hálfu stjórnvalda, hvernig fjármögnun málaflokksins sé best fyrir komið. Ljóst er þó að málefni þessa markhóps eru ofarlega á baugi og hefur SÍMEY fulla trú á samstarfi og nýjum samningi á komandi tímum þó ekki fyrr en 2025 mögulega í haust. Nú gilda eingöngu viðaukar. Eins og staðan er nú þá er SÍMEY með bráðabirgðasamning út vorönn 2024, ekkert frekar liggur fyrir um fjármögnun starfseminnar hvað þetta varðar eftir þann tíma. Samkvæmt starfsáætlun ársins 2023 er stefnt að því að halda um 40 námskeið fyrir um 200 þátttakendur. Vilji er til að efla þennan málaflokk og fjölga þátttakendum g ef fjármögnun fæst verður unnið að því. Þetta er einn af þeim þáttum sem hafa verið til sértækrar skoðunar í umræddri endurskoðun.

Haldið verður áfram að vinna eftir þeirri stefnu að sinna þeim hóp sem er á leið út á vinnumarkaðinn með því m.a. að bjóða þeim upp á námsleiðir FA, en það hefur gefið afar góða raun. Takmörkun á fjármagni úr fræðslusjóði gæti þó haft áhrif á þessa framvindu. Að tengja hópinn meir við samfélagið og stofnanir þess m.a. hefur samstarf við staðarblöð og fjölmiðla gefið afar góða raun. Kostnaðaráætlun ársins 2024 gerir ráð fyrir tæplega 15,6 MKR MKR rekstrarumfangi við námskeiðahaldið en eingöngu helmingur þess fjármagns er tryggt í dag. Einnig hefur SÍMEY einhverjar tekjur af námskeiðsgjöldum sem liggja milli 1-2 MKR.

Samanlagt er um hálf tóðugildi að sinna verkefnum Fjölmenntar, verkefnaráðinn verkefnastjóri, og starfsmenn stoðþjónustu SÍMEY. Verkefnastjóri á fræðsluviði er bakhjarl fyrir verkefnastjóra Fjölmenntar. Framkvæmdastjóri kemur einnig að samninga- og áætlanagerð, og samskiptum við Fjölmennt. Bókari vinnur reikningagerð og uppgjör.

8. Samstarf við atvinnulífið

SÍMEY heldur einnig utan um námskeiðahald innan fyrirtækja og stofnana undir merkjum fyrirtækjaskóla, gera má ráð fyrir um veltu í kringum 15 MKR vegna þeirrar starfsemi á ársgrunni. Megináherslan hefur verið að halda vel utan um þau verkefni sem í gangi eru. Góður árangur hefur náðst í að setja upp veflæga fyrirtækjaskóla og er nýjasti skólinn fyrir Velferðasvið Akureyrarbæjar. Gætt er vel að kennslufræði í slíkum skólum þar sem verkefnavinna, virkni er tryggð sem og samskiptamöguleikar.

Haldið er utan um veflæg fyrirtækjanámskeið í kerfinu Teachable og einnig er verið að skoða möguleika sem tengjast Learn Cove. Í þessu felast ákveðin sóknarfæri. Á árinu verður unnið að framgangi slíkra verkefna.

Í gegnum tíðina hefur SÍMEY átt afar gott samstarf við fyrirtæki og stofnanir á Eyjafjarðarsvæðinu. Hluti af þeim árangri og tengingu er Markviss aðferðafræðin, sem er aðferðafræði sem símenntunarmiðstöðvarnar á landinu nota til að aðstoða fyrirtæki við ýmis verkefni sem snúa að fræðslugreiningum, uppbyggingu og starfsþróun starfsmanna þeirra. Þarfagreiningin hefur gefið SÍMEY gríðarlega mikilvæga tengingu við atvinnulífið og hefur afurðin gjarnan verið fræðsluáætlun eða fyrirtækjaskóli sem SÍMEY hefur umsjón með. Fræðslugreiningar eru forsenda slíkra verkefna og hefur SÍMEY jafnframt tekið þátt í verkefnunum undir yfirskriftinni Fræðslustjóri að láni á vegum fræðslusjóðanna. Almennt hefur góður gangur haldist í þessum greiningarverkefnum. Öll þessi verkefni sem verða að Fræðslustjóra að láni, eru styrkt af starfsmenntasjóðum. Gera má ráð fyrir um 2-3 MKR veltu hvað þetta varðar. Mikilvægt er að hugsa til þess að markhópurinn er í atvinnulífinu, innan fyrirtækja og stofnana og tekur gjarnan sín fyrstu skref í sí- og endurmenntun í tengslum við sitt starfsumhverfi.

Unnið verður að framkvæmd þriggja minni verkefna á árinu.

Hjá SÍMEY starfa fjórir ráðgjafar sem koma að fræðslugreiningum. Þrír verkefnastjórar koma að fyrirtækjasviði SÍMEY. Að auki koma tveir aðrir verkefnastjórar að fyrirtækjatengdum verkefnum.

9. Gæðamál

SÍMEY hefur EQM+ gæðavottun og tekur hún til hönnunar, þróunar og umsýslu náms í fullorðinsfræðslu, náms og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Miðstöðin fór í gegnum nýtt vottunarferli haustið 2021 og fékk vottun út árið 2024. Á haustmánuðum mun miðstöðin fara í gegnum uppfærslu á sinni gæðavottun. SÍMEY fékk fyrst árið 2012 EQM gæðavottun fyrir fræðslustarf en þessi endurnýjaða vottun er víðtækari og tekur, sem fyrr segir, einnig til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats (EQM+).

EQM stendur fyrir European Quality Mark og er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vottunaraðili hér á landi.

EQM+ er evrópskt, gegnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila sem er hannað til þess að mæta auknum kröfum um gagnsemi náms og gæðaviðmið fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. Meðal annars er horft til gæða þjónustunnar sem er veitt, innri gæðastjórnunar, verklagsreglna og hvernig núverandi starfshættir ríma við viðurkennd gæðaviðmið. Mikil áhersla er á gæðamál innan SÍMEY og verður því viðhaldið öllu starfi

miðstöðvarinnar. Allt innra starf miðstöðvarinnar hefur verið endurskoðað, persónuverndar og persónuverndarstefna hefur verið sett, sem og skjalamál hafa verið endurskoðuð.

Umbótaáætlun er til staðar, atvikaskráning, sem og yfirlit yfir verkferla.

Allir starfsmenn koma að gæðamálum. Framkvæmdastjóri og gæðastjóri bera ábyrgð á málaflokknum.

10. Samantekt og framtíðarsýn

Áhersla komandi árs verður að halda áfram því starfi sem er að bera góðan árangur m.a. er lýtur að þróunarstarfi, rafrænni miðlun náms á öllum sviðum sem og að mæta þeim áskorunum sem til okkar koma m.a. að því er lýtur að fjölmenningu;

íslenskunámskeið og þjónusta við innflytjendur, þar hefur borið á miklum vexti.

Miklar og hraðar samfélagsbreytingar eru nú og afar mikilvægt að framhaldsfræðslan hafi getu og stuðning til að mæta þeim. Í því ljósi er horft með von og jákvæðni um þá endurskoðun sem í gangi er á framhaldsfræðslukerfinu sem vonandi mun skila nýrri lagasetningu í haust um málaflokkinn.

Innan framhaldsfræðslunnar og símenntunarmiðstöðvanna búa miklir möguleikar til að byggja á til að mæta þeim hröðu samfélagsbreytingum sem eru löngu hafnar. Mikilvægt er að fanga þá krafta sem búa í þessu kerfi og taka raunverulega ákvörðun um að Ísland ætli sér að vera í fremstu röð með slíkt kerfi sem hefur jafnræði til náms og hæfniuppbyggingar að leiðarljósi.

Akureyri 01.03.2024



Valgeir Magnússon
Framkvæmdastjóri SÍMEY